

Gunnar Einarsson
bæjarstjóri Garðabæjar
Netfang: gunnar@gardabaer.is

4.10.2021

Efni:

Skiplag á Álftanesi – áform um golfvöll á Norðurnesi

Ágæti bæjarstjóri

Vísað er í bréf Garðabæjar frá 2. júní 2021 og fund sem fulltrúar Landverndar áttu með bæjaryfirvöldum í Garðabæ 11. september. 2021.

Takk fyrir upplýsingar á að efnislosun í Glerhallardý sé í samræmi við Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Hitt er verra að ekki hefur verið gert deiliskipulag fyrir svæðið og umtöluð efnislosun er því ekki æskileg, svo ekki sé sterkar til orða tekið¹. Framkvæmdaleyfið virðist því hvíla á veikum grunni og affarasælast er að stöðva framangreindar framkvæmdir þar til deiliskipulag hefur verið samþykkt.

Landvernd og Fuglavernd hafa kynnt sér drög að deiliskipulagi á Norðurnesi². Uppdrátturinn sýnir að áformað er að fara með golfvöllinn alveg niður að bökkum Bessastaðatjarnar. Þá er svæðið á milli tveggja læna sem gang vestur úr Tjörninni notað sem „græna (green)“. Gangi þessi áform eftir mun þrengja mjög að fuglalífi við Bessastaðatjörn sem skýrslur um fuglalíf sýna er bæði mikið og vermætt. Svæðið eins og það er í dag hefur einnig mikið „upplifunargildi“ fyrir bæði íbúa og gesti. Hætt er við að þetta spillist ef farið verður að framlögðum tillögum.

Ef marka má áformað deiliskipulag munu framkvæmdir gjörbreyta svæðinu og hafa neikvæð áhrif á náttúrfar þess.

Garðabær hefur oft sýnt ágætis viðleitni í náttúruvernd. Þá er á Álftanesi nægt landrymi til að aðlaga landnýtingu náttúrfari og fuglalífi. Ljóst er að eignarhaldið á landi gerir öll nýtingaráform flókin og tímafrek. En það má ekki hindra bæjaryfirvöld að skipuleggja í sem mestri sátt við náttúru svæðisins, sem er mögnuð.

¹ Vísað er til 1. mgr. 12. gr. skipulagslaga þar sem segir að bygging húsa og annarra mannvirkja ofan jarðar og neðan og aðrar framkvæmdir og aðgerðir sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess skuli vera í samræmi við skipulagsáætlanir.

² https://www.gardabaer.is/media/skipulagsmal/Nordurnes-DSK_2020-05-29_A1-3000_Tillaga.pdf

Við hvetjum bæjaryfirvöld í Garðabæ að leita allra leiða til að koma í veg fyrir að þrengja að lífríki Bessastaðatjarnar sem er einstök náttúruperla á Álftanesi og mikill skaði að spilla með þeim hætti sem framkomin deiliskipulagstillaga er vísbending um.

Með vinsemd og virðingu,

*Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Landverndar
Hólmfríður Arnardóttir, framkvæmdastjóri Fuglaverndar*